

Efni: Athugasemd við tillögu að breytingu deiliskipulags Norðurhafnar, vísað er til auglýsingar á vef Norðurþings dags. 5. des. 2022.

Kynningargögn framkvæmdaraði sýna að reisa á verksmiðju sem er um 4.000- 6.000 þús.m2 með heimild fyrir skorsteina í allt að 11 metra hæð og mænishæð og önnur mannvirki í sömu hæð. Það breytir því sjónrænum áhrifum íbúa við Höfðaveg töluvert. Á Húsavík koma um 400 þús. ferðamenn og ferþjónusta er orðin ein af undirstöðum atvinnulífs. Verksmiðjur af þessu tagi, með þetta umfang þarf að staðsetja utan miðbæjar og beina ætti slíkrri verksmiðju á iðnaðarsvæðið á Bakka sem hefur nú þegar verið skipulagt sem iðnaðarsvæði.

Skipulagsáformin útheimta milljarðaframkvæmdir og fjárfestingu þ.m.t. óljósan kostnað Norðurþings af innviðum af margvíslegu tagi. Dæmi: skipulagsvinnan sjálf, lóðarframkvæmdir, vatns-, hita- og fráveitiframkvæmdir (gegnum orkuveitu Norðurþings). Ekkert réttlætir ráðstafanir og fjárfestingar af neinu slíku tagi þegar framkvæmdaraðili hefur ekki einu sinni neina vissu um hvort heimildir fáist til að nýta auðlindina. Með staðsetningu verksmiðju Íslandspara á reitnum H-2 er óvissa um útfærslu til löndunar. Ef landa á 100-150 tonnum á dag þarf gríðarlega flutninga frá suðurhluta hafnar, þar sem löndun sjávarfangs fer fram, yfir í norðurhluta. Þessir flutningar margfalda þá þungaumferð um Hafnarstétt, þar sem sveitarfélagið sjálf hefur verið að skipuleggja um árabíl útivistar-, göngu- og ferðaþjónustusvæði í auknum mæli. Ef ekki á að landa þessu mikla magni um suðurhluta hafnar þarf að útbúa löndunarbúnað við verksmiðjuna norðar megin hafnar. Það er gríðarleg framkvæmd og ekki ljóst hvort útsvarsgreiðendur eigi að borga þá framkvæmd fyrir framkvæmdaraðila. Þá er ljóst að iðnaðarhöfn á Bakka myndi þá nýtast fleiri fyrirtækjum væri betri kostur ef sveitarfélagið þarf að standa straum af kostnaði við hafnarmannvirki. Þar sem ekki liggur fyrir nýtingaleyfi til stórþaratekju af því umfangi sem umrædd verksmiðja hyggst vinna á ári eða til að byrja með 40.000 t. þá er eingöngu um tímabundið rannsóknarleyfi að ræða og óvíst hvort nýtingarleyfi fáist. Því er óforsvaranlegt að ráðast í slíkar framkvæmdir að mati undirritaðrar.

Það liggja ekki fyrir haldbærar rannsóknir um nýtingu stórpara fyrir vistkerfi sjávar við Íslandsstrendur. Umfang og magn hráefnis og vinnslu er margfalt stærra en allur sjávarútvegur á Húsavík hefur nokkurn tíman verið. Það er algjörlega óljóst hvaða áhrif stórþaratekja mun hafa á vistkerfi Skjálfaflóa og innviði svæðisins sem treysta á nýtingu þeirra. Auðlindanýting í Skjálfaflóa og með ströndum Norðurlands er af margvíslegum toga og byggir öll á jafnvægi viskerfanna. Stofnar grásleppu, þorsks og annarra fisktegunda byggja allir m.a. á uppvexti við þaraskóga, sem rannsóknir sýna að mynda skjól, búsvæði og aðstæður fyrir uppvöxt og hrygningu. Reglubundin og óröskuð ganga hvala í Skjálfaflóa er ennfremur orðin undirstaða umsvifamikilla atvinnuvega í ferðaþjónustu á Húsavík og í nágrenni.

Sveitarstjórn Norðurþings hefur óskað með formlegum hætti eftir því að haf og strandsvæðaskipulag verði unnið fyrir Skjálfaflóa og nærliggjandi strandsvæði fyrir Norðurlandi. Þessi áform sveitarfélagsins birta vilja til þess að vinna með ríkisvaldinu og nærliggjandi sveitarfélögum að því að móta stefnu um nýtingu auðlinda á hafsvæðunum við byggðina. Deiliskipulag fyrir mannvirki og uppbyggingu hafnarsvæða þarf að taka mið af þessu og vera unnið í takti við þessa vinnu.

Virðingafyllst
Ingibjörg Benediktsdóttir, kt: 2010763749
Íbúi í Norðurþingi